

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 117/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Svanbergi Hjelm**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsrás. Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorð. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 20. mars 1989, en jafnframt er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds í því skyni, að refsing ákærða verði þyngd og tími ökuleyfissviptingar lengdur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað, að ákærði hafi veitt Sigurgeiri Höskuldssyni högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Sigurgeir nefbrotnaði. Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Staðfesta ber það ákvæði héraðsdóms, að ákærði sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá þykir hæfilegt, að ákærði greiði 30.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu, skaðabætur svo og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Svanberg Hjelm, sæti fjögurra mánaða fangelsi, en refsing skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum

frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 30.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis, skaðabætur og sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 15. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómmara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1989: Ákærvaldið gegn Svanbergi Hjelm, sem tekið var til dóms 26. f.m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 17. mars 1988, gegn ákærða, Svanbergi Hjelm, Flúðaseli 90, Reykjavík, fæddum þar í borg 3. janúar 1968, „fyrir líkamsárás og umferðarlagabrot:

I. Að hafa aðfaranótt 17. janúar 1987 í veitingahúsinu Sigtúni Suðurlandsbraut 26, Reykjavík, tvívegis ráðist á Sigurgeir Höskuldsson, fæddan 26. september 1968, og veitt honum högg í andlitið, í fyrra skiptið með því að reka fram höfuð sitt af afli og í seinna skiptið með því að slá hann hnefahögg, og urðu afleiðingar þær, að Sigurgeir nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II. Að hafa laugardaginn 6. júní 1987 ekið bifreiðinni Ö 5067 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá samkomuhúsinu Logalandi í Reykholtisdalshreppi, Borgarfirði, að Geirsárbökkum í sama hreppi, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og til sviptingar réttar til að stjórna vél-

knúnu ökutæki samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. laga nr. 40/1968.“

## I.

*Málavextir eru þessir:*

Um kl. 2.55 aðfaranótt laugardagsins 17. janúar 1987 var óskað lögreglu- aðstoðar að skemmtistaðnum Sigtúni hér í borg vegna líkamsárásar, sem einn gestanna kvaðst hafa orðið fyrir.

Lögreglumennirnir Hjörleifur M. Jónsson og Sveinn Guðni Guðnason fóru á vettvang.

Samkvæmt frumskýrslu Hjörleifs hittu þeir á staðnum Sigurgeir Höskuldsson og Halldór Ásgeirsson, sem báðir kváðust hafa orðið fyrir árás sama manns. Voru báðir lítillaga undir áfengisáhrifum og með minni háttar áverka á andliti. Báðir kváðust myndu leggja fram kröfu á hendur árásarmanninum, Svanbergi Hjelm, ákærða í máli þessu.

Um kl. 9.00 næsta morgun var ákærði yfirheyður hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa verið að skemmta sér í Sigtúni kvöldið áður. Þar hitti hann frænda sinn, Sigurbjörn Ágúst Ragnarsson. Þeir hafi báðir verið talsvert ölvaðir. Kvaðst ákærði hafa lent í útistöðum við strák, sem hann hefði aldrei séð áður. Ekki vissi hann, hvor átti upptökin, en átökin hefðu orðið töluverð. Minntist hann þess, að hann hefði „skallað“ strákinn í andlitið. Hefði höggið verið talsvert og strákurinn fengið blóðnasir, og hélt hann jafnvel, að strákurinn hefði nefbrotnað. Að átökunum loknum hefði hann talað við strákinn, en þá hefðu dyraverðir komið og yfirbugað sig, en ákærði streitist á móti. Hann kvaðst þess fullviss, að hann hefði aðeins lent í átökum við einn mann í veitingahúsinu. Hann kvaðst sjá mikið eftir því að hafa veitt stráknum áverkann og myndi reyna að koma á móts við kröfur, sem strákurinn kynni að leggja fram á hendur sér.

Er ákærði var kvaddur að nýju fyrir lögreglu 17. febrúar sama ár í því skyni að kynna honum skaðabótakröfu Sigurgeirs Höskuldssonar, kvaðst hann nú efast um, að hann hefði framið verknaðinn, og við yfirheyrslu fyrir dómi neitaði hann sakargiftum. Hann kvaðst hafa verið í Sigtúni umrætt kvöld og drukkið þar um 5-6 glös af áfengi frá kl. 23.00 og fram eftir nóttu. Minntist hann þess að hafa hitt ókunnan strák á gangi við dansgólfið. Hann hefði farið með strákinn inn á salerni til að aðstoða hann við að stöðva blóðnasir. Önnur afskipti hefði hann ekki haft af þessum pilti, og kvaðst hann þess fullviss, að hann hefði hvorki lent í átökum við strákinn né ráðist á hann. Lögreglumennirnir hafi því handtekið sig að ósekju.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við framburð sinn fyrir lögreglu morguninn eftir að hann var handtekinn. Hann hefði hins vegar verið sannfærður um

það síðar, er hann fór að hugsa málið betur, að hann hefði skýrt rangt frá í þessari yfirheyrslu, þar sem hann myndi nú ekki eftir því að hafa lent í átökum við eða ráðist á strákinn. Kvaðst hann aðspurður hafa borið á þennan veg, þar sem lögreglumenn þeir, sem handtóku sig, hefðu farið illa með sig við handtöku. Þeir hefðu sagst ætla að færa hann til skýrslutöku, en þegar á lögreglustöðina kom, hefði annar þeirra sagt, að hann væri of drukkinn til þess, og færa þyrfti hann til fangageymslu. Hann hefði þá sagt við þá, hvort ekki mætti treysta lögreglumönnum, en þeir þá snúið upp á handlegg sér og skellt sér utan í lyftuvegginn. Um morguninn hefði hann viljað losna sem fyrst og í ljósi þess gefið skýrsluna.

Lögreglumennirnir Hjörleifur M. Jónsson og Sveinn Guðni Guðnason voru yfirheyrðir um handtöku ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hjörleifur bar, að er þeir Sveinn Guðni komu á vettvang, hefðu þeir hitt dyraverði og tvo menn, Sigurgeir Höskuldsson og Halldór Ásgeirsson, sem stóðu í anddyrinu. Þeir Sigurgeir og Halldór hefðu báðir borið, að maður, sem dyraverðir höfðu í haldi í hliðarherbergi við anddyrið, hefði slegið þá í andlitið hvorn í sínu lagi. Báðir hefðu þeir verið með áverka í andliti. Þeir Sveinn Guðni hefðu handtekið umræddan mann, Svanberg Hjelm, og sagt honum, að þeir yrðu að færa hann fyrir varðstjóra. Hann hefði engan mótþróa sýnt, en hins vegar orðið æstur, þegar varðstjóri úrskurðaði hann til geymslu í fangaklefa vegna rannsóknar málsins. Þeir hefðu haldið honum á leiðinni í fangageymslu, en ekki hefði komið til átaka.

Hjörleifur kvað það engum vafa undirorpið, að þeir hefðu handtekið þann mann, sem þeir Sigurgeir og Halldór bentu á sem árásarmann. Mennirnir þrír hefðu allir verið undir áfengisáhrifum. Við yfirheyrslu fyrir dómi treysti hann sér ekki til að lýsa ölvunarástandi þeirra, en staðfesti frumskýrslu sína um málið, en í henni kemur fram, að ákærði hafi verið mjög ölvaður, en þeir Sigurgeir og Halldór lítills háttar ölvaðir.

Sveinn Guðni bar á sama veg í öllum meginatriðum og Hjörleifur. Dyraverðir hússins hefðu vísað þeim á tvo menn í anddyrinu. Voru báðir með áverka í andliti. Mennirnir hefðu sagt, að þeir hefðu orðið fyrir árás manns, sem geymdur var í hliðarherbergi við anddyrið. Sá, sem hafður var í hliðarherberginu, var talsvert æstur, en kom með þeim sjálfviljugur. Mennirnir tveir hafi verið sammála um, að sá, er þeir handtóku, hafi verið hinn sami og veitti þeim áverkana.

Sigurgeir Höskuldsson var yfirheyrður 11. febrúar sama ár og fyrir dómi 1. nóvember sl. Kvaðst hann hafa verið með vini sínum, Sigmari Jónssyni, umrætt kvöld í Sigtúni. Hefðu þeir komið þangað um tvöleytið. Er hann hefði verið þarna stutta stund, hefðu þeir félagarnir gengið yfir í þann enda hússins, sem fjærst er anddyrinu. Þeir hefðu staðið þar við borð stutta

stund, þegar hann var allt í einu sleginn högg, algjörlega að tilefnislausu. Þar sem hann sakaði ekki, lét hann manninn, sem sló hann, afskiptalaus. Sagði hann Sigmari frá þessu, en Sigmar var ekki vitni að atvikinu. Þeir félagarnir gengu á nýjan leik að anddyrinu. Í nánd við salernið hitti hann manninn, sem sló hann í andlitið. Spurði hann manninn eitthvað á þá leið, hvort ekki væri allt í lagi með hann, en þá fékk hann mikið högg í andlitið. Sigmar hefði verið vitni að þessari árás. Hann var þessu óviðbúinn og fékk miklar blóðnasir og kveðst hafa nefbrotnað. Fór hann inn á salernið til að reyna að stöðva blóðrásina úr nefinu og aðstoðuðu dyraverðirnir hann. Ræddi hann við þá, og kölluðu þeir til lögreglu. Beið hann hjá þeim, uns lögreglan kom og tók af honum skýrslu. Í yfirheyrslu fyrir lögreglu bar Sigurgeir, að maðurinn hefði „skallað“ sig í andlitið í fyrra skiptið, en slegið sig í hið síðara, en fyrir dómi kvaðst hann ekki viss, hvort hann „skallaði“ sig í fyrra eða síðara skiptið.

Annar maður hefði einnig sagst hafa orðið fyrir árás mannsins, og beið sá maður einnig komu lögreglunnar í anddyrinu. Sigurgeir kvaðst hafa séð, er lögreglumenn þeir, sem komu á staðinn og höfðu tal af sér, handtóku árásarmanninn. Sigmar hefði einnig verið vitni að því, er lögreglan handtók árásarmanninn. Maðurinn hefði verið lítt mönnum sinnandi vegna ölvunar og borið sig mjög aumlega, er lögreglan handtók hann.

Sigmar Jónsson var yfirheyrður sem vitni fyrir lögreglu 13. mars 1987 og við meðferð málsins.

Hann bar, að þeir Sigurgeir hefðu verið saman á umræddum dansleik. Er nokkuð var áliðið, hefði hann brugðið sér á salerni, en þegar hann sneri aftur, hefði Sigurgeir verið rauður í andliti og sagt sér, að hann hefði orðið fyrir því, að strákur „skallaði“ sig í andlitið. Þar sem Sigurgeir hlaut enga áverka, vildi hann ekkert frekar aðhafast. Síðar á dansleiknum hefðu þeir hitt strák í stiga í anddyrinu, sem Sigurgeir hefði sagt vera þann, sem „skallaði“ sig. Sigurgeir hefði gengið til stráksins og spurt hann einhvers. Í orðum hans hefði ekkert niðrandi falist. Þá hefði strákurinn, sem sneri hlið eða baki í Sigurgeir, snúið sér við og slegið Sigurgeir mikið högg á nefnið, algjörlega að ástæðulausu. Sigurgeir hefði fengið talsverðar blóðnasir og farið ásamt sér og einum eða fleiri dyravörðum á salernið til að huga að meiðslum sínum. Er þeir komu þaðan, voru dyraverðir að róa árásarmanninn. Hann hefði látið mjög illa, verið illa til reika og í blóðugri skyrtu. Hendur stráksins hefðu orðið blóðugar, þegar blóð slettist af Sigurgeiri á hann. Ef til vill hefði skyrtan verið eitthvað blóðug fyrir, um það gæti hann ekki fullyrst.

Sigmar kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum, en þó hefði hann verið búinn að drekka u.þ.b. 3-4 „jússa“. Hins vegar hefði runnið af sér við þennan atburð. Sigmar kvaðst þess alveg fullviss, að það hefði

verið sami maður, sem dyraverðirnir voru að róa, eftir að þeir Sigurgeir komu af salerninu, og sá sem sló Sigurgeir, enda hefði hann séð strákinn vel, er hann sló Sigurgeir. Lögreglumenn hefðu komið skömmu síðar og handtekið strákinn.

Vitnið Halldór Ásgeirsson gaf skýrslu fyrir lögreglu 24. febrúar 1987 svo og fyrir dómi.

Halldór kvaðst hafa verið að skemmta sér í Sigtúni umrætt sinn. Hann hefði neytt áfengis, en ekki verið mikið ölvaður. Þegar hann var ásamt vinkonu sinni á dansgólfinu, hefði komið þar að maður, sem var talsvert blóðugur, og farið að áreita vinkonu sína. Hún hefði beðið manninn að fara, hvað hann gerði. Um 15 mínútum síðar hefði maðurinn komið að nýju og haldið uppteknum hætti. Bað stúlkan manninn að fara burt, en hann sinnti því engu. Hefði hún þá beðið sig um aðstoð við að losna við manninn. Gekk hann þá að maninum og bað hann að láta stúlkuna í friði, en maðurinn veitti honum þá mörg högg í andlitið. Dyraverðir tóku manninn, sem var mjög drukkinn, í sínar vörslur og fóru með hann afsíðis í anddyrið. Í framhaldi af því hefði lögreglan komið á staðinn og handtekið manninn og farið með hann af staðnum. Þegar lögreglumennirnir voru með manninn í höndunum, hefði komið þar að piltur og sagt, að maðurinn hefði einnig ráðist á sig.

Sigurbjörn Ágúst Ragnarsson var vitni að þessum atburðum. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu 6. júlí 1987 og við meðferð málsins.

Sigurbjörn kvaðst hafa verið á umræddum dansleik. Þar hefði hann hitt ákærða, Svanberg, undir lok dansleiksins. Svanberg hefði verið talsvert ölvaður, en rólegur. Hann hefði veitt því athygli, að föt Svanbergs voru aflaga, buxurnar nánast hangið utan á honum, en ekki minntist hann þess, að hann væri blóðugur. Svanberg hefði gefið þá skýringu á útganginum á sér, að hann hefði lent í áflogum. Þeir hefðu gengið saman um húsið og fengið sér í glas á einum barnum. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að Svanberg hefði lent í átökum á staðnum, en þeir hefðu orðið viðskila, og hefði hann leitað að Svanberg bæði utan dyra og innan, áður en hann fór, en án árangurs.

Sigurbjörn kvaðst hafa lent í átökum við mann á dansleiknum, sem var að abbast upp á vin hans. Hefði hann slegið þennan mann niður. Hann hefði ekki orðið þess var, að hann meiddi manninn. Maður þessi hefði verið nokkru eldri en hann.

Vitnið Sigurður Þorgils Guðmundsson var yfirheyrð fyrir lögreglu 26. maí 1987.

Hann kvaðst hafa farið á umræddan dansleik með ákærða, Svanberg. Þeir hefðu neytt áfengis, hann litillega, en Svanberg eitthvað meira. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að Svanberg lenti í áflogum, en minntist

Þess að hafa hitt Svanberg á tali við einhvern strák, sem var með blóðnasir. Svanberg hefði verið að reyna að aðstoða hann og m.a. farið með honum inn á salerni. Hann hefði spurt þá, hvort eitthvað væri að, og strákurinn svarað annaðhvort því, að ekkert hefði gerst, eða að þetta skipti engu máli. Eftir þetta urðu þeir Svanberg viðskila, en er þeir hittust að nýju, var komið blóð á skyrtu hans. Eftir það sá hann Svanberg ekki á dansleiknum.

Sigurður Þorgils er við nám í Bandaríkjunum og ekki væntanlegur til landsins. Var því ekki unnt að kveðja hann fyrir dóm.

Í málinu liggur frammi áverkavottorð Stefáns B. Matthíassonar, heilsugæslulæknis á Heilsugæslustöð Seltjarnarness, dags. 10. febrúar 1987.

Í vottorðinu segir m.a.:

„Við skoðun 19.1. 1987 var nef beint, bólgið og marið. Eymсли yfir nefbeini, bólga þaðan og út á báðar kinnar. Röntgenmynd tekin 20.1. á Landakoti sýnir nefbrot án misgengis. Eftirlit fyrirhugað eftir eina viku. Þegar kom að eftirliti, var undirritaður forfallaður og Sigurgeir ekki skoðaður af lækni þá. Hinn 2.2. kom hann í skoðun, var þá bólga og mar nánast horfið. Sást þá, að væg skekkja var á nefinu yfir til vi. og nefrótt breikkuð.

Hinn 3.2. fór hann í skoðun til háls-, nef- og eyrnalæknis, sem upplýsir, að ef Sigurgeir vilji láta rétta nefið og lagfæra, þurfi að gera aðgerð í svæfingu. Má ætla, að hann yrði þá frá vinnu í 2 - 3 vikur.“

#### *Niðurstöður.*

Ákærði hefur neitað sakargiftum og borið, að hann hafi einvörðungu aðstoðað Sigurgeir Höskuldsson við að stöðva blóðnasir, sem hann hefði fengið. Hann hefur fyrir dómi haldið því fram, að við handtöku sína hafi verið farið mannavillt. Þar sem lögreglumenn þeir, sem handtöku sig, hefðu sýnt sér hrottaskap, hefði hann viljað losna úr haldi sem fyrst daginn eftir og í ljósi þess játað verknaðinn við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ef litið er til framburðar þeirra tveggja lögreglumanna, sem handtöku ákærða, svo og þess, að framburður ákærða um málsatvik daginn eftir atburðinn við lögreglufirheyrslu kemur heim og saman við framburð kæranda og Sigmars Jónssonar fyrir lögreglu nokkrum vikum síðar, þykir framburður ákærða fyrir dómi ótrúverðugur. Þá er til þess að líta, að ákærði tók framburð sinn ekki aftur fyrr en mánuði eftir að hann játaði verknaðinn, þegar hann var kvaddur að nýju til lögreglu í því skyni að bera undir hann bótakröfu kæranda.

Af framburði vitnanna Sigurgeirs Höskuldssonar og Sigmars Jónssonar, sem fær stoð í vitnisburði Halldórs Ásgeirssonar, þykir ljóst, að við handtöku ákærða var ekki farið mannavillt.

Þá þykir með vitnisburði þeirra Sigurgeirs og Sigmars fyllilega sannað

þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að ákærði hafi að tilefnislausu slegið Sigurgeir högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Sigurgeir nef-brotnaði.

Varðar þessi verknaður ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga.

Sigurgeir Höskuldsson hefur lagt fram kröfu um, að sér verði greiddur útlagður kostnaður vegna áverkavottorðs, 1.700,00 kr., svo og miskabóta-kröfu, að fjárhæð 70.000,00 kr. Þá krefst hann hæstu vaxta af kröfunni. Kröfuna um vexti gerði Sigurgeir í yfirheyrslu fyrir sakadómi Húsvíkur 1. nóvember sl., en þar er þess ekki getið, frá hvaða tíma vaxtanna er krafist.

Ljóst er, að Sigurgeir hefur haft óþægindi vegna meiðslanna. Þar sem krafan er sanngjörn og í hóf stillt, þykir rétt að taka hana að fullu til greina og dæma ákærða til að greiða honum samtals 71.700,00 kr., ásamt dráttar-vöxtum frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

## II.

Um kl. 13.50 laugardaginn 6. júní 1987 voru lögreglumenn úr Borgarnesi í umferðareftirliti við Geirsárbakka í Borgarfirði. Stöðvuðu þeir þar akstur bifreiðarinnar Ö 5067. Reyndist ökumaður vera Svanberg Hjelm, ákærði í máli þessu. Þar sem grunur lék á því, að hann væri undir áfengisáhrifum, var hann færður á lögreglustöðina í Borgarnesi og þar fyrir varðstjóra. Í framhaldi af því tók Aðalsteinn Guðmundsson læknir honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 15.20.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans mælast 1.18‰.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða 19. maí 1987, og var hann því ökuréttindalaus við aksturinn.

Ákærði hefur játað fyrir lögreglu og dómi, að hann hafi ekið framan-greindri bifreið umrætt sinn undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus um-ræddan dag frá samkomuhúsinu að Logalandi, Reykholtsdalshreppi í Borgarfirði, að Geirsárbakka í Borgarfirði.

Með játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í sam-ræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í II. kafla ákæru og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða.

### *Sakaferill ákærða.*

Ákærði gekkst tvívegis undir dómsátt árið 1987, annars vegar 13. apríl fyrir of hraðan akstur og hins vegar 13. júlí fyrir ölvun við akstur o.fl. umferðarlagabrot. Í síðara skiptið var hann sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 19. maí sama ár.

*Viðurlög.*

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi, en þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá greiði ákærði 20.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Vararefsing er ákveðin 10 daga varðhald.

Þá ber að svipta ákærða ökuleyfi skv. 102. gr., sbr. áður 81. gr., umferðar-laga. Telst sviptingin hæfilega ákveðin þrjú mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Um skaðabætur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks greiði ákærði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 30.000,00 krónur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Svanberg Hjelm, sæti fjögurra mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði 20.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Sigurgeiri Höskuldssyni, Höfðabrekku 8, Húsavík, 71.700,00 kr. ásamt dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 30.000,00 krónur.